

Stjórnarfundur 16.09.21 kl. 16

Mættir: Óttar, Helga, Sigurður, Friðrik

Forföll: Gísli.

1. Uppgjör Sturlungaferðar 27.-29. ágúst: ferðin skilaði afgangi uppá 575 Þús. Stjórnin hefur heyrt að menn hafi verið mjög ánægðir með ferðina.
2. Ferðasaga um Sturlungaferðina er tilbúin til sendingar í Læknablaðið.
3. Pistlar frá öldungadeildinni í Læknablaðinu: Eru í öðru hverju tölublaði. Magnús Jóhannsson hefur séð um að fá efni og er tilbúin til að halda því eitthvað áfram. **Magnús gat ekki mætt á þennan fund en verður boðaður á næsta stjórnarfund.**
4. Læknadagar: **HMÖ sendir Margréti Aðalsteinsdóttur lokaútgáfu af dagskrá** á íslensku og ensku. HMÖ verður fundarsstjóri.
5. Miðvikudagsfyrirlestrar: dagskrá tilbúin til áramóta. **HMÖ sendir fundarboð 10 dögum og einum degi fyrir fyrsta fund, 6.okt.** Venjan hefur verið að fyrirlesarar fengju viðurkenningarskjal og bókgjöf. Ákveðið var að sleppa skjalinu en fá **bók Hjálmars Freysteinsonar sem gjöf**, sem hefði skírskotun til félagsins. Margrét sér um kaffið og **SG tók að sér að útvega vinarbrauðið.**
6. Ferðir 2022. Tveir kostir voru ræddir: **1. Vín og Budapest:** Freud og Semmelweiss eða 2. Berlin Leipzig Dresden Weimar. Sammála um að velja fyrri kost. Ferðin áætluð sem **vikuferð í september 2022.** Ef menn lýsa áhuga eru ýmsir möguleikar fyrir innanlandsferð með þema eins og nú síðast.
7. Annað: HMÖ fer á næstunni til að kynna sig og kynna sér ýmis praktísk mál; félagatal og félagsgjöld, aðgang að vefsíðu o.fl.

Fundi slitið 17:30

HMÖ